

Reykjavík, 19. apríl 2023

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík

Málefni: Tilkynning um meðferð óbyggðanefndar á nýju svæði. Kröfulýsingarfrestur.

Með vísan til ákvæða 1. mgr. 10. gr. og 11. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afréttu, nr. 58/1998, tilkynnist hér með að óbyggðanefnd hefur ákveðið að taka til meðferðar nýtt landsvæði. Um er að ræða svæði 12, eyjar og sker, sem tekur til landsvæða utan strandlengju meginlandsins. Fjármála- og efnahagsráðherra er hér með veittur frestur til fimmtdagsins **31. ágúst 2023** til að lýsa fyrir hönd íslenska ríkisins kröfum um þjóðlendur á svæðinu, sé um slíkar kröfur að ræða.

Landsvæðið afmarkast svo (sjá einnig meðfylgjandi kort):

Málsmeðferðin tekur til eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga sem eru ofansjávar á stórstraumsfjöru innan eftirfarandi afmörkunar: Í fyrsta lagi á svæði sem afmarkast annars vegar af stórstraumsfjöruborði meginlandsins og hins vegar af ytri mörkum landhelgimarr umhverfis meginlandið, Grímsey og Hvalbak skv. 1. mgr. 1. gr. laga um landhelgi, aðlægt belti, efnahagslögsögu og landgrunn, nr. 41/1979. Í öðru lagi innan landhelgismarka umhverfis Kolbeinsey samkvæmt sömu málsgrein.

Svæði 12 tekur þannig til alls landsvæðis sem óbyggðanefnd hefur ekki þegar tekið til meðferðar, að undanskildum almenningum stöðuvatna, sem nefndinni er heimilt að taka til meðferðar í einu lagi skv. 2. málsl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Samkvæmt 10. gr. a. laga nr. 58/1998, sbr. lög nr. 34/2020, er nefndinni heimilt að bæta við-bótarþepri framan við hefðbundna málsmeðferð skv. 10. gr. laganna þegar kemur að svæðinu sem nú er tekið til meðferðar. Í 10. gr. a. segir að þegar nefndin taki landsvæði utan strandlengju meginlandsins til meðferðar sé henni heimilt að skora á þá sem kalla til eignarréttinda þar að lýsa réttindum sínum fyrir nefndinni innan tiltekins frests, áður en kröfum ríkisins um þjóðlendur er lýst.

Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 34/2020 kemur fram að tilgangurinn með þessari heimild sé í fyrsta lagi að bregðast við fyrirsjáanlegu umfangi gagnaöflunar, gera hana markvissari og stuðla þannig að því að áætlun um verklok óbyggðanefndar standist án þess að slakað sé á kröfum til málsmeðferðarinnar. Í öðru lagi sé markmiðið að fá strax í upphafi fram upplýsingar um hvar talið sé til eignarréttinda, m.a. með það í huga að ríkið geti tekið mið af þeim upplýsingum við móton kröfugerðar sinnar. Með því kunni þeim að fækka sem þurfi formlega að gerast aðilar að málum fyrir óbyggðanefnd.

Einnig segir í greinargerð frumvarpsins að gert sé ráð fyrir að óbyggðanefnd meti í samráði við Þjóðskjalasafn Íslands, sem annast að verulegu leyti gagnaöflun vegna þjóðlendumála, og fjármála- og efnahagsráðherra, sem fer með fyrirsvar fyrir hönd ríkisins í málum fyrir óbyggðanefnd, hvort hagræði sé að því að viðhafa þessa breyttu málsmeðferð.

Óbyggðanefnd leitaði eftir afstöðu fjármála- og efnahagsráðherra, með bréfi dags. 14. mars 2023, og Þjóðskjalasafns Íslands, með bréfi dags. 4. apríl 2023, til þess hvort hagræði þætti að því að viðhafa umrætt viðbótarþrep við málsmeðferð svæðis 12.

Í svari fjármála- og efnahagsráðherra til nefndarinnar, dags. 27. mars 2023, er lagt til að heimild 10. gr. a. laga nr. 58/1998 til að viðhafa viðbótarþrep við málsmeðferðina verði nýtt, með vísan til þeirra markmiða með lögfestingu ákvæðisins sem getið er að framan.

Í svari Þjóðskjalasafns Íslands til nefndarinnar, dags. 13. apríl 2023, kemur fram að við undirbúning gagnaöflunar vegna þjóðlendurannsókna hafi Þjóðskjalasafn lagt áherslu á kerfisbundna efnisskráningu frumgagna, einkum með áherslu á heiti jarða og kirkna. Slíkur undirbúningur sé afar mikilvægur og auki skilvirkni við öflun gagna. Þá kemur fram að við undirbúning gagnaöflunar fyrir svæði 12 hafi Þjóðskjalasafn hagað verkum þannig að samhliða efnisskráningu heimilda sé unnið að greiningu strandjarða og annarra jarða vegna mögulegra réttinda við strandlengju Íslands. Vegna hugsanlegs umfangs kerfisbundinnar gagnaöflunar Þjóðskjalasafns, sem hefst að fram komnum kröfum ríkisins um þjóðlendur, telur safnið brýnt að greinargóð efnisskráning heimilda sé til staðar þegar að kerfisbundinni gagnaöflun kemur, en slíkt sé óháð því hvort áðurnefnt viðbótarþrep verði viðhaft eða ekki. Það er því afstaða Þjóðskjalasafns að nefnt viðbótarþrep hefði óverulega þýðingu fyrir undirbúning og skilvirkni gagnaöflunar vegna svæðis 12.

Líkt og áður segir var í greinargerð frumvarps sem varð að lögum nr. 34/2020 lýst tvenns konar markmiðum með lögfestingu heimildar 10. gr. a. laga nr. 58/1998, til að viðhafa viðbótarþrep við málsmeðferð á því svæði sem hér er til umfjöllunar. Annars vegar að gera gagnaöflun vegna svæðisins markvissari og stuðla þannig að því að áætlun um verklok óbyggðanefndar standist og hins vegar að fækka þeim sem þurfa formlega að gerast aðilar að málum fyrir nefndinni, með því að ríkið geti tekið tillit til sjónarmiða þeirra við kröfugerð sína.

Af svari Þjóðskjalasafns Íslands við fyrirspurn óbyggðanefndar um það hvort hagræði sé að því að viðhafa viðbótarþepið verður ráðið að kerfisbundin efnisskráning frumgagna er lúta að þeim landsvæðum sem til umfjöllunar eru skipti mestu um skilvirkni gagnaöflunar. Þar sem slík efnisskráning er óháð hugsanlegu viðbótarþepi verður ekki séð að markmiðinu um að gera gagnaöflun markvissari verði náð með því að viðhafa viðbótarþepið.

Þá er það mat óbyggðanefndar að viðbótarþepið yrði ekki til þess fallið að fækka þeim sem þurfa að gerast aðilar að málum fyrir óbyggðanefnd. Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 34/2020 segir um þetta atriði að verði viðbótarþepið viðhaft geti ríkið við kröfugerð sína tekið mið af þeim upplýsingum sem fram koma í viðbótarþepinu „þannig að þau svæði sem teljist án vafa háð beinum eignarrétti komi ekki frekar við sögu“. Til að landeigendur geti sýnt fram á að landsvæði sem þeir telja til réttinda yfir séu „án vafa háð beinum eignarrétti“ er ljóst að þeir þyrftu að leggjast í talsverða gagnaöflun og eftir atvikum leita aðstoðar lögmanni, með tilheyrandi kostnaði, enda verður ekki ráðið að aðrar eða vægari kröfur beri að gera til sönnunar eignarréttar en á öðrum landsvæðum. Umtalsverðar líkur eru þannig á að viðbótarþrep gæti orðið landeigendum talsvert íþyngjandi og kostnaðarsamt.

Einnig ber að hafa í huga að viðbótarþrep tæki til allra sem teldu til réttinda á svæðum utan strandlengju meginlandsins. Í ljósi mikils fjölda eyja og skerja umhverfis landið eru líkur á að sá hópur sé talsvert stór. Við hefðbundna málsmeðferð liggja kröfur íslenska ríkisins um þjóðlendur fyrir áður en þeir sem hafa öndverðra hagsmunu að gæta lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd. Þannig eru þau svæði sem koma til skoðunar afmarkaðri og að sama skapi einnig hópur þeirra sem kunna að telja til réttinda á umræddum svæðum.

Með hliðsjón af framangreindu er niðurstaða óbyggðanefndar að ekki sé hagraeði að því að viðhafa viðbótarþrep samkvæmt 10. gr. a. laga nr. 58/1998 á svæði 12, heldur kynni það að leiða til þess að málsmeðferð tefðist auch þess sem það væri líklegt til að reynast landeigendum meira íþyngjandi og kostnaðarsamara en hefðbundin málsmeðferð. Að teknu tilliti til þessa hefur óbyggðanefnd ákveðið að nýta ekki heimild 10. gr. a. laga nr. 58/1998 til að viðhafa viðbótarþrep við málsmeðferð á svæði 12. Um málsmeðferð á svæðinu fer því að öllu leyti eftir ákvæðum 10. gr. laga nr. 58/1998.

Fjármála- og efnahagsráðherra er hér með, eins og áður segir, veittur frestur til fimmtdagsins **31. ágúst 2023** til að lýsa fyrir hönd íslenska ríkisins kröfum um þjóðlendur á svæðinu, sé um slíkar kröfur að ræða.

Virðingarfyllst, f.h. óbyggðanefndar




Erna Erlingsdóttir
skrifstofustjóri

Fylgiskjöl:

- Yfirlitskort sem sýnir afmörkun svæðis 12.
- Yfirlitskort um stöðu þjóðlendumála á landinu öllu.

Afrit: Edda Andradóttir, lögmaður íslenska ríkisins.

SVÆÐI 12 – EYJAR OG SKER



ÞJÓÐLENDUMÁL

Svæði 12 – Yfirlitskort

Málsmeðferð tekur til lands innan afmörkunar á kortinu,
þ.e. innan landhelginnar en utan meginlandsins.




Afmörkun svæðis 12

Dags. 19. apríl 2023 Mkv. 1: 2.500.000 í A3 Verknr. 223-010




YFIRLITSKORT UM STÖÐU ÞJÓÐLENDUMÁLA




ÞJÓÐLENDUMÁL

Grunnkort: Birt með leyfi Landmælinga Íslands



Málsmæðferð hafin



Málsmæðferð óbyggðanefnar lokið og úrskurðir kveðnir upp

Dags. 19. apríl 2023 Mkv. 1: 1.250.000 í A2 Verknr. 223-010

LANDSLAGSARKITEKTAR FÍLA, AUSTURVEGUR 6, 800 SELFOSS SÍ/482 4090, landform@landform.is

